

LEIT AÐ NEYZLUVATNI FYRIR ÍSAFJARDARKAUPSTAD

eftir

Hjalta Franzon

Nóvember 1972.

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

LEIT AD NEYZLUVATNI FYRIR ÍSAFJARDARKAUPSTAÐ.

eftir

Hjalta Franzson

nóvember 1972.

EFNISYFIRLIT.

	Bls.
1. Inngangur	1
2. Núverandi vatnsból Ísafjarðarkaupstaðar	2
3. Jarðfræði svæðisins	3
4. Vatnafræði	5
5. Skrá yfir uppsprettur	7
6. Niðurstöður	12

### 1. Inngangur.

Í September 1972 var gerð kerfisbundin leit að köldu vatni fyrir Ísafjarðarkaupstað að beiðni bæjarstjórnarinnar. Náði leitarsvæðið yfir fjóra dali, sem liggja að Skutulsfirði, Engidal, Dagverðardal, Tungudal og Seljalandsdal, í allt um 75 km<sup>2</sup>. Einnig var rannsökuð lind rétt sunnan Seljadals. Pótti ráðlegt, að fullrannsaka útbreiðslu og stærð linda á þessu svæði, áður en lagt var út í kostnaðarsamari aðgerðir við útvegun á neyzluvatni fyrir kaupstaðinn.

Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum leitarinnar. Bent er á vatnsgengnar jarðmyndanir og uppsprettur, sem geta orðið neyzluvatnsból fyrir Ísafjörð. Áður en hafizt verður handa um vatnsveituframkvæmdir, þurfa að fara fram kérfisbundnar rennslismælingar á þeim uppsptettum, sem helzt kemur til greina að nýta.

## 2. Núverandi vatnsból Ísafjarðarkaupstaðar.

Neyzluvatn Ísafjarðarkaupstaðar er fengið úr tveimur uppi-stöðulónum, öðru í Úlfsá í um 150 m hæð, og hinu í Tunguá í um 140 m hæð. Báðar eru dragár að miklu leyti og eru afrennsli af öllu lindar- og yfirborðsvatni dalanna.

Dragár eru mjög algengar í tertíerum berggrunni Vestfjarða, þar sem jarðlög eru þétt og gengdræpi (permeability) lítið. Einkennast þær af miklum sveiflum í vatnsrennsli, þar sem vatnið er að miklu leyti yfirborðsvatn. Þær verða vatnslitlar í miklum þurrkum og frostum, en bólagna upp í leysingum og mikilli vætutíð. Notkun á vatni úr dragám til neyzlu hefur þá ókosti, að það vill mengast af jarðvegi og lifandi verum og verður mórautt af gruggi í flóðum.

Þrjár borholur hafa verið boraðar í því skyni að afla neyzlu-vatns. Ein er í malarhjalla fyrir mynni Tungudals, önnur rétt við vesturrrönd sama hjalla og hin þriðja í malarhjallanum fyrir mynni Dagverðardals.

Árangur þessara borana varð litill, og er ólíklegt, að neyzlu-vatn fáist úr þeim jarðlöögum, sem borað var í.

### 3. Jarðfræði svæðisins.

#### 3.1 Berggrunnur.

Berggrunnur svæðisins er myndaður síðla á tertíertíma. Er hann hlaðinn úr blágrýtishraunlögum, sem halla um  $2-4^{\circ}$  í suðaustur. Millilög eru óveruleg.

Gangar eru nokkuð algengir á svæði því, sem rannsakað var. NA-NNA stefna er algengust, en einnig hafa nokkrir þeirra NV stefnu.

Misgengi og brotalínur eru að sama skapi algengar, og er ríkjandi stefna þeirra sú sama og bergganganna. Misgengin eru að jafnaði lítil, sjaldnast yfir 10 m, og er algengara, að sigið sé vestan megin.

Af útbreiðslu zeólíta í blágrýtismyndunni má fá upplýsingar um gegndræpi (permeability) hennar. Zeólítar (geislasteinar) finnast í holrúmum hraunlaganna. Myndast þeir, er jarðvatn sígur í gegnum hraunlögin og leysir upp ákveðin efni, sem falla síðan út í holrúmum hraunlaganna og kristallast. Við myndun hefur hver zeólítategund sitt kjörhitastig og þrýsting, þannig að zeólítar mynda belti, sem fara eftir hæð þeirra innan staflans (þrýstingur og hiti í jarðlögum eykst í sama hlutfalli við dýpt). Eftir kristöllum zeólítanna er gengdræpi berggrunnsins mjög lítið.

A svæðinu fundust tvö zeólítabelti. Það neðsta er nefnt analcím beltið, þar sem analcím er ríkjandi zeólítategund. Þar finnst og chabasít og thomsonít o. fl. þráðóttir zeólítar bó í miklu minna mæli. Þetta belti nær upp í um 250 m hæð. Ofan þessa beltis tekur við chabasít - thomsonít beltið, nefnt eftir þeim zeolótategundum, sem þar er ríkjandi. Kristalstærð og magn bessara zeólítategunda fer minnkandi frá neðri hluta beltisins, og í 400 - 500 m hæð eru þeir að mestu horfnir. Ofan þessa beltis er bergið óholufyllt og gegndræpi og poruhlúti (porosity) blágrýtisstaflans því meiri.

### 3.2 Yfirborðsjarðlög.

Eyri sú, sem Ísafjarðarkaupstaður stendur á, er mynduð að mestu leyti vegna sjávarrofs utar í Skutulsfirði. Hefur sandur og möl borist inn með vesturströnd fjarðarins og hlaðist upp, þar sem sjóinn hefur misst burðarkraft sinn. Líklegt er, að syrin hafi í upphafi byrjað að myndast við einhverja fyrirstöðu, svo sem gamlan malarhjalla frá því í lok ísaldar.

Dalir og firðir Vestfjarða eru myndaðir af framrás skriðjökla á jökulskeiðum ísaldarinnar. Er þeir höfðuðu í lok þess tíma-bils, skildu þeir eftir sig ýmsar lausar jarðmyndanir og yfirborðsjarðlög.

Sjávarhjallinn í mynni Tungudals er að öllum líkindum myndaður framan við jökulsporð skriðjökulsins, er þá gekk fram dalinn. Hjallinn er gerður úr lagskiptri möl og sandi með leirlögum inn á milli. Tvar holur voru boraðar í hjallann með það fyrir augum að fá þar neyzluvatn fyrir kaupstaðinn.

Hvor holan um sig gaf aðeins um 2 l/sek, og er ástæðan fyrir lítilli vatnsgengd sú, að leirlöggin í hjallanum eru það þétt, að vatnið nær ekki að síga niður.

Samskonar sjávarhjalli og í Tungudal er í mynni Engidals. Ekki hefur verið borað þar eftir vatni, þar sem þar er fyrirhuguð malartekja og kirkjugarður.

Neðst í dalnum, sem Úlfssá rennur eftir, hefur um tíma verið jökullón uppstíflað af jöklum, sem skriðu út Tungudal og Engidal. Í jökullón þetta hefur framburður Úlfssár safnast, og myndar hann þykka hjalla fram með Úlfssá að sunnan. Þar sjónum er sjávarhjalli, jafnhár hjallanum í mynni Tungudals, skorinn sem þrep í jökullónshjallann. Í þverskurði í hjöllunum við Úlfssá og niðri við sjó sést, að jökullónsfyllingin er gerð úr sandi, möl og grjóthnullungum með mikilli íblöndun af leir.

Borhola var staðsett í miðri jökullónsfyllingunni rúmlega 100 m frá sjó. Jarðlögin voru mjög leirberin möl með grjóthnullungum, einkum ofan til. Fékkst aðeins 1 l/sek, við dælingu. Af fenginni reynslu má telja víst, að nægilegt neyzzluvatn fyrir vatnsveitu fáist ekki með borunum í jarðmyndanir í grennd við Ísafjarðarkaupstað.

Tvær rannsóknarholur voru boraðar 1963 til að kanna möguleika á heitu vatni. Ónnur þeirra er við skíðaskálann í Seljalandsdal en hin í áreyri Tunguár. Út frá hitamælingum, sem gerðar voru árið 1965 á vatninu í síðar nefndu borholunni, er unnt að skipta setlaginu, sem nær niður að 20 m, í two hluta. Grundvallast þessi skipting á, hve örthorholuvatnið blandast vatninu í setlaginu. Efstu 4 m setlagsins er áreyri, þar sem gegndræpi og poruhluti er mikill, og því hratt rennsli vatnsins í laginu. Neðan hennar er miklu hægara rennsli jarðvatns, og er sá hluti setlagsins að öllum líkendum samþerilegur við malarhjallann framar í Tungudalnum.

Þær grjótskriður, sem einkenna neðri hlíðar fjallanna eru myndar að mestu leyti við frostveðrun í blígrýtislögunum. Eru þær yfirleitt þunnar. Vegna lítils rúmmáls eru áreyrarnar og skriðumyndanirnar lélegt vatnsmiðlarar.

#### 4. Vatnafræði.

Flestari ár á vatnasviði Skuðulsfjarðar eru dragár. Neyzzluvatn úr þeim er óæskilegt vegna:

- a) Stórra sveifla í rennsli
- b) hættu á mengun úr jarðvegi og frá lífverum
- c) óhreinindum í yfirborðsvatni, einkum í leysingum og rigningartíð.

Uppsprettur fundust nokkuð viða á svæðinu. Er hér einkum um að ræða lindir, sem koma úr füstum berggrunni.

Eins og áður er sagt, er berggrunnurinn í analcím- og chabasít-tomosonít zeólítabeltunum mjög þéttur (þ.e. fyrir neðan 400 - 500 m hæðarlínu), þannig að úrkoma, sem á það svæði fellur, nær ekki að síga niður í berggrunninn, heldur rennur til sjávar sem yfirborðsvatn eða sígur niður í vatnsgeng yfirborðsjarðög, þar sem þau eru fyrir hendi.

Í blágrýtisstaflanum fyrir ofan zeólítabeltin er öðru málí að gegna, þar sem gegndrapí og poruhluti er miklu meiri. Þar nær úrkomuvatn að síga niður í berggrunninn. Kemur það vatn í mörgum tilfellum fram í uppsprettum, sem fylgja eftir 400 - 500 m hæðarlínu. Þ.e.a.s. rétt fyrir ofan efri mörk holufylltu berglaganna.

Engin teljandi millilög fundust í efri hluta blágrýtisstaflans, og virðist vatnið koma fram undan hraunlögunum sjálfum. Þessar uppsprettur eru að jafnaði vatnsmestar í botni dalanna, einkum í Tungudal og Engidal. Ástæðan fyrir meira vatnsmagni í uppsprettum þar, er að öllum líkindum sú, að vatnasvið þessara uppsprettar er miklu stærra en fremst í dölunum, þar sem til-tölulega mjóir fjallshryggir aðskilja dalina.

Hitastig í þessum uppsprettum er um 3-5°C, sem er einkennandi fyrir það vatn, sem kómið er það djúpt úr jarðögum, að ársveiflu gætir ekki. Þykir líklegt, að rennsli sé nokkuð stöðugt úr þessum uppsprettum og það hví ákjósanlegt sem neyzluvatn.

Berggangar virka stundum sem þróskuldur á rennsli jarðvatns og gerð verið góðir vatnsleiðarar. Dæmi um slikt er t.d. lind, sem kemur upp með ganga/fjallsmegin í um 450 m hæð, í suðausturhluta Eyrarfjalls.

Brotalínur og misgengi eru stundum vatnsleiðandi. Lind rétt vestan Nónhorns kemur að öllum líkindum upp með misgengi, sem sker Nónhornið suðvestan til.

Lindir koma upp með vestustu brotalínunni í Botnsheiði að minnsta kosti á einum stað (sjá kort).

5. Skrá yfir uppsprettur.

Eins og áður er sagt, voru rannsóknir þessar gerðar um miðjan septembermánuð eftir að snjóleysingum var að mestu lokið, og úrkoma hafði verið með minna móti. Yfirborðsvatn hefur því að öllum líkendum ekki truflað mælingar á uppsprettum svo neinu mæmi. Flestar þær uppsprettur, sem fundust, eru merktar inn á kortið, sem fylgir þessari skýrslu, en aðeins er þeim uppsprettum lýst hér á eftir, sem eitthvað kveður að.

Aðferðin, sem notuð var til að mala vatnsmagn lindanna var sú, að láta vatnið renna í 40 lítra bakka og var tíminn, sem það tók að láta bakkann fyllast, tekinn með skeiðklukku. Óvissan á þessum mælingum var mismunandi, og fór hún eftir því, hve mikið rann utan hjá. Var reynt að áætla framhjárennslið. Í sumum tilfellið var ekki unnt að nota þessa aðferð, einkum þar sem gróður var líftill og lækjarfarvegurinn grýttur. Var þá rennslið áætlað.

Seljadalur (Norðan Hnífsdals)

1. Um það bil 10 m ofan vegarins, rétt sunnan við lækinn, sem rennur niður Seljadal, kemur fram lækur undan skriðunni á svæði um 40 m að lengd. Vatnsmagn var áætlað um eða yfir 50 l/sek og hitastig 5°C. Hér er um óeðlilegt vatnsmagn að ráða miðað við rúmmál skriðunnar, og er líklegt, að lind eða lindir komi upp með ganginum, sem sker blágrýtisstaflann þar rétt fyrir ofan.

Hér er um ákjósanlegt vatnsból að ráða fyrir Hnífsdal, ef með einhvarjum ráðum tekst að komast að uppsprettunum og tengja þær, án þess að rykmengun berist frá veginum.

### Dagverðardalur

2. Tvær lindir með um 10 m millibili koma fram í um 470 m hæð í hraunlagastalli, sem gengur eftir fjallshlíðinni. Er líklegt, að setlag sé undir hraunlögunum og orsaki að einhverju leyti myndun stallsins. Lindirnar koma fram í miðri 8 m hárrí skriðu í stallinum og þess vegna líklegt, að þær komi fram ofan setlagsins. Vatnsmagn úr lindunum er samanlagt 22 l/sek. og hitastigið  $4^{\circ}\text{C}.$ . Auðveldlega má sameina þessar tvær lindir í eina með litlum tilfæringum. Mitt á milli lindanna er lítil uppsprettu um 2 l/sek, sem hverfur undir skriðuna nokkrum metrum neðar.

3. Um 15 m breitt lindarsvæði er í smá hraunlagastallitum á 500 m fyrir vestan 2. Úr þessu svæði renna tveir lækir, sá eystri er 7 l/sek en hinn er 3 l/sek. Hitastig  $5^{\circ}\text{C}.$ . Lindirnar koma fram við misgengi, þar sem austurhlutinn hefur sigið. Auðveldlega má sameina lindirnar í eina.

4-5-6. Við 500 m hæðarlínu í botni Dagverðardals er um 200 mllangt lindarsvæði. Ekki er fullljóst, hvort lindirnar komi undan sama hraunlagi og lýst er í 2, eða upptök þeirra séu í misgengi, sem er þar rétt við. Líklegt er þó, að bæði þessi atriði eigi þátt í myndun lindarsvæðisins. Lindarsvæððu skiptist í þrennt af litlum hæðarhryggjum.

4. Tvær lindir koma upp með um 20 m millibili. Sú eystri er aðeins um 2 l/sek., en hin er 14 l/sek. Hitastig mældist  $4^{\circ}\text{C}.$ . Afrennsli þessara linda sameinast nokkrum metrum neðan þeirrar fyrrnefndu.

5. Um það bil 50 m fyrir norðvestan 4 eru lindir, sem úr renna um 10 l/sek. Hitastig mældist  $4\frac{1}{2}^{\circ}\text{C}.$ .

6. Nyrzt á svæðinu er vatnsmesta lindin um 17 l/sek. Hitastig vatnsins er  $4^{\circ}\text{C}.$ . Lækur, sem rennur úr litlu vatni fyrir ofan, blandast lindarvatninu við upptökin. Mældist hannum aðeins um 3 l/sek., er mælingar voru gerðar, en auðséð var á

lækjarfaæveginum, að miklar sveiflur eru á vatnsrennsli lækjarins. Ef lindarsvæðið verður nýtt, yrði nauðsynlegt að veita læknum fram hjá svæðinu, og virðist það fremur auðvelt.

7. Margar lindir koma upp í um 500 m hæð ofarlega við lækjafarveginn milli vatnanna tveggja, hægra megin við veginn, þegar ekið er upp Dagverðardal. Jarðfræðilegar aðstæður við lindirnar eru þær sömu og í lindunum 2-6 að ofan, þar sem misgengið virðist skera beint yfir lindarsvæðið. Ekki reyndist unnt að mæla vatnsmagnið nákvæmlega í þessum lindum, en lauslega áætlað renna um eða yfir 50 l/sek úr svæðinu. Hitastig mældist  $4.5^{\circ}\text{C}$ .

Samanlagt vatnsmagn lindanna í Dagverðardal, sem lýst er hér að framan, er um 120 l/sek og fullnægir núverandi neyzluvatnsþörf Ísafjarðarkaupstaðar. Áður en af hugsanlegri nýtingu verður, þarf að gera nákvæmar rennslismælingar á þessum lindum í a.m.k. tvö ár.

#### Tungudalur

8. Í 420 m hæð, rétt sunnan við botn Tungudals, renna tveir lækir úr um 100 m löngu lindarsvæði. Rennsli lækjanna hvors um sig er 6 l/sek. Lindirnar á svæðinu eru allar smáar. Hitastig mældist  $4 \frac{1}{2}^{\circ}\text{C}$ . Lindarsvæðið og vötnin tvö, sem þar eru rétt hjá, eru í lægð eða skál, um 400 m langri og 200 m breiðri. Mýrlent er í kring um vötnin. Þar sem afrennsli svæðisins er um 40 l/sek. má áætla, að lindir, sem eru í botni vatnanna og votlendinu í kring, gefi um eða yfir 25 l/sek. Erfitt er að nýta þessar lindir, þar sem þær koma fram undir vatnsborði. Líklegt er talið, að vatnið komi undan hraunlaginu í botni skálarinnar.

9. Í skálinni vestast í Botnsheiði í um 550 m hæð er lindarsvæði um 20 m að lengd. Koma lindirnar fram undan hraunlagi neðst í hraunstallinum. Vatnsrennsli mældist um 8 l/sek. og hitastig  $1^{\circ}\text{C}$ . Rétt neðan við upptök lindanna rennur lækurinn úr skálinni, og blandast lindarvatnið honum.

10. Í 480 m hæð um 100 m fyrir neðan veginn, sem liggur til Súgandafjarðar, er lindarsvæði um 50 m að lengd. Lauslega áætlað er lækurinn, sem frá svæðinu rennur, um 25 l/sek. Hitastig mældist um  $1^{\circ}\text{C}$ . Lindasvæðið liggur á NV-SA brotalínu, og er líklegt, að vatnið komi upp með henni.

#### Engidalur

11. Við rætur Nónhorns norðan megin kemur fram lind í um 500 m hæð. Hverfur hún niður í mölina um 20 m neðar. Ekki reyndist unnt að mæla vatnsmagnið, en lauslega áætlað er það um 10 l/sek. Hitastig mældist  $3.5^{\circ}\text{C}$ . Kemur lindin upp með misgenginu, sem sker blágrytislögin í vesturhlíð Nónhorns.

12. Um 30 m fyrir ofan stífluna nálægt rótum Engidalsfjalla eru lindir með 8 l/sek rennsli og hitastigi  $4^{\circ}\text{C}$ . Um 10 m norðar er önnur lind um 4 l/sek. og er hitastig hennar  $4.5^{\circ}\text{C}$ . Lindirnar liggja við N-S misgengi, og hefur austurbarmur þess sigið um 6 m. Lindirnar koma upp með misgenginu.

13. Lindir koma upp fyrir neðan stífluna í Nónvatni. Lauslega áætlað er rennsli þeirra alls um 10-13 l/sek. Ekki er fullljóst, hvernig þessar lindir eru tilkomnar, en ekki er ólíklegt, að N-S misgengin í norðausturhorni Nónhorns eigi hér einhvern hlut að málí.

14. Við 400 m háðarlínu í miðjum Engidal er um 30 m langt lindarsvæði í miðjum 10 m háum hraunstalli. Afrennsli af syðri hluta dalsins rennur þar fyrir ofan og myndar lítið stöðuvatn ofan stall eins. Úr vatninu rennur á niður í grunnt gil, sem hefur grafizt í stallinn.

Votlent er neðan hraunstallsins nokkur hundruð metra beggja vegna árgilsins, og eru því hraunlagamótin vel lek. Lindirnar eru um 30 m beint niður af vatninu, og er um 5 m hæðarmundur á þeim. Uppsprettturnar tvær vestan gilsins eru samanlagt um 7 l/sek. Töluvert meira vatnsmagn kemur fram undan hraunlaginu í gilinu. En þær sem nokkur hluti rennslisins er undir yfirborði árinnar, er það gróflega áætlað 15-20 l/sek. Leirleðja þekur botn vatnsins, og bendir það til, að mikil gruggun sé í ánni í leysingum á vorin. Ekki er ljóst, hvort vatnið í lindunum er ómengoað af gruggi á þessum árstíma, og er æskilegt, að athugun fari fram á því.

15. Lind kemur upp í 460 m hæð í miðjum hraunstalli innst í Engidal. Er lindin um 4 l/sek., og rennur út undan hraunlagi. Hiti mældist  $5.5^{\circ}\text{C}$ .

16. Um 1 km langt uppsprettusvæði er í skálinni austan Nónhorns. Lindirnar koma fram undan a.m.k. þremur hraunlagamótum. Flestar eru þær vatnslitlar. Vatnsmagn var mælt í afrennslislæk svæðisins og reyndist vera um 25 l/sek. Lindir þessar eru dreifðar og litlar, og hætt er við, að þær mengist af yfirborðsvatni. Nýting er hæpin.

17. Rafveita Ísafjarðar byggist á virkjun í Fossavatni. Af línumriti, sem rafveitan hefur gert af vatnssveiflum, kemur í ljós, að vatnsrennsli er minnst í janúar eða aðeins um 25 l/sek., sem þá er hreint lindarvatn. Lítið stöðuvatn er í 435 m hæð í botni Fossadals. Í suðurenda þess renna tveir lækir, sem koma undan lítilli skriðumyndun. Lauslega áætlað er vatnsmagn 20 l/sek. Hitastig mældist  $4.5^{\circ}\text{C}$ . Hér er um óeðlilega mikið vatnsrennsli að ræða, þær sem skriðumyndunin er lítil rúmmáls. Vatnið er því líklega lindarvatn og kemur undan hraunlagi.

## 6. Niðurstöður.

Rannsóknir þessar leiddu í ljós, að einna hentugast er að nýta lindarsvæðið í Dagverðardal (lindir 2 - 7). Þar eru lindir einna vatnsmestrar og minnst fjarlagð milli þeirra.

Gert er ráð fyrir að núverandi vatnspörf Isafjarðarkaupstaðar sé um 80-100 l/sek., en í Dagverðardal mældist um 120 l/sek., þannig að lindarsvæðið virðist geta staðið undir vatnspörfinni.

EKKI er vitað um sveiflur í vatnsrennsli þessara linda og því nauðsynlegt að rennslismalingar fari fram reglulega í a.m.k. tvö ár, einkum eftir langa frostakafla svo og vatutíð. Rennslismalingar, sem gerðar voru í feb. - marz 1960, sýnaf að vatnsrennsli Úlfssárs komst niður í 88 l/sek., sem þá er að öllum líkindum hreint lindarvatn. Sé miðað við þá 120 l/sek., sem mældust í lindunum 2-7. Má búast við nokkrum rennslisseveiflum úr lindarsvæðinu.

Athuguð var lind rétt sunnan Seljadals. Virðist hún ákjósanlegt vatnsból fyrir Kníffsdal. Æskilegt er að fylgzt sé með rennsli hennar á sama hátt og lindanna í Dagverðardal.

Um hagkvænni eða kostnað við frágang vatnsbóls við þessar lindir skal ekki fjölyrt, og er heppilegast að leita verkfræðilegrar aðstoðar um þau atriði.


## SKÝRINGAR:

JARÐMYNDANIR:

- [Dotted pattern] Áreyri
- [White box] Tertiert blágryti
- [Hatched box] Votlendi
- [Dashed box] Sjávar-eða vatnshjalli
- [Cross-hatched box] Malarkambur
- [Wavy line] Stöðuvatn
- [Wavy line with arrow] Sírennandi fallvatn með straumstefnu
- [Wavy line with arrow] Árstíðabundið fallvatn með straumstefnu
- [Solid line with arrow] Staður þar sem fallvatn hverfur
- [Circle with number 2] Uppsprettu með skráningarnúmeri
- [Dotted line] Vatnaskil
- [Hatched line] Misgengi með sigstefnu, sig í metrum
- [Hatched line] Brotalína
- [Dashed line] Brotalína, óviss
- [Solid line] Berggangur
- [Line with angle 3°] Halli jarðlaga í gráðum

## MANNVIRKI:

- [Circle] Uppistöðulón
- [Dashed line] Aðveitucærð
- [Dashed circle] Geymir fyrir yfirborðsvatn
- [Diamond] Rannsóknarhola, kalt vatn
- [Circle with dot] Rannsóknarhola, heitt vatn
- [Square] Rafstöð



ORKUSTOFNUN

Vatnafræðikort af vatnsviði Skutulsfjarðar  
Rannsókn á neyzluvatni8. IJ. 72 HF/IS. Tnr. 4 Tnr. 3  
J-J-N J-Ísafj.

Fnr. 10887